

## Laugargerðisskóli – íbúafundur / skólamálaþing 4. september 2019

### Þingið sóttu:

- Arnaldur Máni Finnsson, Staðarstað
- Atli Sveinn Svansson, Dalsminni
- Áslaug Sigvaldadóttir, Lágafelli
- Eggert Kjartansson, oddviti
- Gísli Guðmundsson, Hömluholti
- Ingvar Sigurgeirsson, prófessor, sem stjórnaði umræðum og ritaði fundargerð
- Jón Oddson, Kolviðarnesi
- Jón Sigmundsson, Syðstu Görðum
- Katrín Gísladóttir, Minni Borg
- Kristín Perla Sigurbjörnsdóttir, Minni Borg
- Sigurbjörg Ottesen, Hjarðafelli
- Sonja Karen Marinósdóttir, Stóra Krók
- Þórður Runólfsson, Lágafelli

Eggert Kjartansson, oddviti opnaði þingið.

Umræða fór þannig fram að gestir sátu í hring, spurningum var varpað fram og orðið látið ganga hringinn.

### Þátttakendur voru beðnir um að nefna eitt til þrennt sem þeir væru sáttir við hvað varðar Laugargerðisskóla:

- Mikil samkensla. Allir kunna að vinna með öllum. Fámennið er kostur. Mikil einstaklingskensla. Hver og einn skiptir miklu máli. Hver getur fylgt sínum hraða. Skólinn er að nýta þetta mjög vel. Getum hlúð að hverjum og einum. Traust. Öllum er vel tekið.
- Góð samskipti, „ein stór fjölskylda“
- Góðar aðstæður og nægt rými, inni og úti.
- Margir nefndu þýðingu þess að hafa gott mötuneyti.
- Mikið öryggi. Börnin eru á skólasvæðinu allan tímann.
- Náin samskipti milli foreldra og kennara. Auðveldara en í stærri skólum. Fólk þekkist innbyrðis.
- Staðseting skólans er góð.
- Mörg sóknarfæri – mikil tækifæri („tækifærin æpa á okkur“).
- Næsta umhverfi gefur alls konar möguleika.
- Góður félagsandi í nemendahópnum. Agavandamál eru lítil sem engin.
- Skólinn er miðpunktur í dreifri byggð.
- Starfsfólkið er vel menntað.
- Góð aðstaða til íþróttar.

### Þátttakendur voru beðnir um að nefna eitt, tvennt eða þrennt sem þeir vildu að væri öðruvísi:

- Fámennið er bæði kostur og galli. Áhyggjur af því að svo kunni að fara að ekki verði nægilega margir nemendur til að halda úti skóla. Óvissa.
- Fámennið getur verið galli. Mikil nálægð fólks. Allir í mörgum hlutverkum. Getur verið viðkvæmt. Erum viðkvæmari fyrir neikvæðu umtali.
- Langar vegalengdir milli skóla – mikill akstur ef farið er með nemendur í aðra skóla.

## Fundargerð

- Íþróttastarf þyrfti að vera meira. Íþróttafélag er ekki virkt,
- Erfitt getur verið að fylgjast með námsframvindu í mikilli aldursblöndun. Tryggja þarf samfellu og áframhald – „að nemendur séu ekki að missa af námsefni eða tvítaka það“.

### Sóknarfærin – á hvað viljið þið leggja mesta áherslu:

Margir lögðu áherslu á að samfélagið ætti eftir að breytast og ungu fólki fjölga. Engin ástæða væri til svartsýni. Mikilvægt væri að standa saman og vinna að því að efla samfélagið.

- Áríðandi er að efla og auka samstarf við aðra skóla. Einkum var Lýsuhólsskóli nefndur, en einnig Stykkishólmur, m.a. í ljósi þess að dæmi eru um foreldra í sveitarfélaginu sem hafa ákveðið að senda börn sín þangað.
- Mikilvægt er að efla félagslífið, m.a. með samskiptum við aðra skóla.
- Auka má samstarf kennara.
- Efla einstaklingsmiðað nám. Áherslu á að leggja á að hafa nemendur með í ráðum og hlusta á þá. Auka val nemenda.
- Eigum að nýta tæknina, t.d. skoða möguleika á að nota fjarfundabúnað við kennslu í samstarfi við nágrannaskóla. Sérstaklega verði skoðað að efla samstarf við Fjölbrautaskóla Snæfellinga.
- Áríðandi er að hleypa lífi í íþróttafélagið. Það gæti haft hlutverki að gegna vegna félagsstarfs nemenda.
- Nemendur læri að skipuleggja nám sitt til að sig undir nám í framhaldsskóla.
- Gera Laugargerðisskóla að menntamiðstöð. Nota aðstöðuna fyrir námskeið, t.d. á kvöldin og um helgar. Þetta gæti einnig virkað hvetjandi fyrir nemendur.
- Efla tónlistarsamstarf.
- Gæta þess vel að börn gleymist ekki í samkenzlunni.
- Nýta framhaldsskólaáfangu.

### Í lok fundarins voru þátttakendur beðnir um að nefna eina ósk til handa skólanum:

- Leyfa krökkunum að velja eitt leiktæki á skólalóðina.
- Ganga í að ljúka viðhaldsaðgerðum á skólahúsi og sundlaug.
- Koma á auknu samstarfi um félagsstarf milli Lýsuhóls og Laugargerðis.
- Hlusta á börnin. Börnin eru ólík. Áríðandi er að öll börn finni að þau séu þátttakendur og á þau sé hlustað.
- Laugargerði verði menntasetur.
- Bent var á að líklegt væri að margir íbúar væru reiðubúnir til að leggja fram sjálfboðavinnu fyrir skólann, t.d. í tengslum við viðhald.
- Laða að nýja íbúa með því að auðvelda þeim að eignast lóðir.
- Í skólanum verði glæsilegt skólastarf sem standist ítrustu gæðakröfur.
- „Dóttir mín verði áfram jafn ánægð í skólanum og hún er nú.“
- Gerum fimm eða tíu ára áætlun um þróun skólans.
- Búum okkur vel undir sameiningu sveitarfélaga.
- Setja upp klifurvegg við skólann.
- Samfélagið þjappi sér enn betur saman og myndi enn þéttari kjarna.
- Foreldrar fái fleiri boð um að koma í skólann til að fylgjast með starfinu.
- Sannfærum þá foreldra sem senda börn sín annað um að betra sé að styrkja Laugargerðisskóla.

## Fundargerð

### **Samantekt:**

Íbúar standa mjög þétt við bakið á skólanum og eru sáttir við starfið. Áhersla er á enn meiri einstaklingsmiðun í náminu. Forgangsverkefni er að auka samskipti nemenda við nemendur í öðrum skólum og efla íþróttastarf. Skoða þarf möguleika á að nýta tækni í þágu námsins, t.d. með fjarkennslu. Tækifæri gætu legið í því að Laugargerðisskóli verði menntamiðstöð (námskeiðshald, skólabúðir, fjarkennsla).